


DEILISKRÁNING FORNLEIFA Í GEIRSHOLTI

VERKEFNISNÚMER: 3340




Dr. Kevin Martin
Fornleifafræðingur
Sóltún 6A, Hvanneyri
Sími: 7734748
Netfang: irisharch@gmail.com
2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lög um skráningu fornleifa á Íslandi.....	8
Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni	10
Skoðun á eldri kortum af svæðinu	12
Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins.....	13
Heimildarskrá.....	17

*Forsíðumynd: Kort af deiliskipulaginu ásamt rannsóknarsvæði. (KM 2024)

Inngangur



Mynd 1a: Staðsetning rannsóknarsvæðisins (rauður punktur) á Geirsholti, Mýrdalshreppi (Bing Sat. Basemap)

Í september 2024 hafði landeigandi í Geirsholti, Ásgeir Ingi Einarsson, samband við höfund og óskaði eftir fornleifamati á landi sínu (Mynd 1a). Landeigandi er að byrja á fyrstu stigum umsóknar um framkvæmdarleyfi til sveitafélagsins og taldi mikilvægt að óska eftir deiliskráningu fornleifa á áætluðu framkvæmdarsvæði. Svæðið sem rannsakað var er um 24 ha (Mynd 2).

Geirsholt er staðsett í Mýrdalshrepp um 455m vestur af Reynishverfisvegi nr. 215. Rannsóknarsvæðið afmarkast af austri af hlíðum Reynisfjalls (334m). Svæðið sem um ræðir er frekar slétt og vel drenað land í austurhelmingi en vestari hluti hallar niður að lægra mýrlendi þar sem á rennur í gegn. Rannsóknarsvæðið snýr að Dyrhólaós og Dyrhólaey til suðurs. Beint í norður af rannsóknarsvæðinu er bærinn Suður-Foss þar sem höfundur framkvæmd nýverið fornleifaskráningu (3114) og prufuuppgröft (Martin 2023, 2024). Eftir syðri enda

rannsóknarsvæðisins eru staðsettar nokkrar byggingar sem sýnast að utan vera ein heild en er líklega nokkrar mismunandi byggingar sem mögulega tengdust að innan. Samkvæmt landabréfum og skráningu eru þetta þrjár byggingar, Hlaða frá 1920, Fjárhús frá 1957 og hesthús frá 1960 (Mynd 1b). Í dag er ytra byrgði bygginganna í viði og bárujárnri svo það er ekki hægt að sjá að utan nema lítill hluti hlaðins veggs sem er sýnilegur. Áætluð staðsetning hlöðunnar er sýnd á Mynd 8. Áætluð staðsetning var gefið skráningarnúmerið 3340-01 af höfundi. **Miðjuhnit** svæðisins eru **63.430346, -19.057964 (63°25'821"N, 19°3'478"W), ISN93: 497.105, 325.008**. Fornleifaskráningin fékk leyfisnúmer **3340** frá Minjastofnun Íslands. Næstu friðlýstu fornleifar eru Þórishaugur (nr. **85000801**) sem er í 630m fjarlægð (frá jaðri 100m helgunarsvæðis) suður af viðkomandi svæði. Auk þess eru í 2 km fjarlægð friðlýstar fornleifar við Helli, Bæjarhellir/Baðstofuhellir (nr. **85000101, 85000102**) (Mynd 3). Fyrir utan fyrr taldar minjar eru fáar skráðar minjar, fornleifauppgreftir eða rannsóknir sem hafa verið gerðar á svæðinu.

Staðfang	Merkning	Lýsing	Bygg.ár	Flatarmál
Geirsholt	010101	Hesthús	1960	32m ²
Geirsholt	020101	Fjárhús	1957	133,3m ²
Geirsholt	030101	Hlaða	1920	144,4m ²

Mynd 1a. Fasteignaskrá Geirsholt (HMS.is)


Saga svæðisins

Höfundur fór í gegnum skráðar heimildir sem tengjast Geirsholti en fann engar. Til þeirra heimilda telja örnefnasafn Árnastofnunar (nafnid.is), Þjóðskalasafn Íslands manntöl (manntal.is), Menningarsögulegt gagnasafn (sarpur.is), Jarðatal á Íslandi (Jón Johnsen 1847) og Sunnlenskar Byggðir VI. Samkvæmt núnverandi landeiganda var Geirsholt upprunalega hluti bæjarins Þórisholts sem var skipt upp snemma á 20. öld.¹

Eina tilvísunin í bæjarnafnið sem höfundur fann í tengingu við rannsóknir á svæðinu var úr eftirfarandi texta um nálægan bæ Reyni. Þar er talað um rafstöð fyrir neðan foss sem höfundur skrásetti (3340-05) sem og á sem rann í gengum rannsóknarsvæðið.

Hleypilækur (22) hefur upptök sín í Saurukeldu og heitir Fosslækur, meðan hann rennur eftir Fossgili, sem er á merkjum móti Fossi, sem fyrr segir. Myndar hann allháan foss, er hann fellur fram af brúninni hjá Fossi, og heitir eftir það Hleypilækur. Rennur hann til suðvesturs gegnum engjar Reynisdals og Reynisholts og í ósinn vestan við Lækjarteiga, er síðar getur. Grafarlækur (23) á upptök í Grafargili og rennur í Hleypilæk. Við Fossfoss er rafstöð fyrir Fossbændur. (Sarpur ref. 163085).

¹ Pers. comm. Ásgeir Ingi Einarsson (2024)



Mynd 2: Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið að Geirsholti í rauðu.



Mynd 3: Friðlýstar/Friðað fornleifar í nágrenni Geirsholts (Minjastofnun Íslands gagnagrunnur)²

² Athugið að kortið sýnir aðeins friðlýstar minjar í minna en 3 km fjarlægð frá rannsóknarsvæðinu.

Lög um skráningu fornleifa á Íslandi

Eftirfarandi tilvitnanir eru af vefsíðu Minjastofnunar Íslands (www.minjastofnun.is). Þar kemur fram núverandi löggjöf á Íslandi er varða fornleifar (Lög um menningarminjar nr. 80/2012). Allar ráðleggingar varðandi fornleifar sem fram koma fylgja þeim lögum í hvívetna. Frekari skýringar á löggjöfinni má finna í hlekknum hér að neðan.³

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir,

³ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.

Varðveislustig fornminja eru tvö: friðun og friðlýsing. Fornminjar (forngripir og fornleifar), 100 ára og eldri, eru sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Þá eru skip og bátar eldri en 50 ára sjálfkrafa **friðuð**.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni

Sex fornleifarannsóknir hafa verið skráðar á svæðinu en þær innihéldu ekki Geirsholt (Mynd 4).

- 2023 Kevin Martin (**3117**), Deiliskráning Fornleifa á Suður-Fossi, Mýrdalshreppi
- 2023 Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, (**3115**) Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Norður Víkur í Mýrdal.
- 2022 Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, (**2757**) Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulag í landi Suður Víkur í Mýrdal.
- 2021 Bjarni F. Einarsson , (**2811**) Fornleifaskráning í Mýrdalshreppi vegna vegagerðar.
- 2004 Katrín Gunnarsdóttir, (**2607**) Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal. Norður-Vík/Suður-Vík og húsakönnun: Könnun og mat á húsum í Vík.
- 2000 Bjarni F. Einarsson , (**2639**) Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Dyrhólaey í Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu.




Mynd 4: Svæði sem sýna fyrri fornleifarannsóknir (3117), (3115), (2757), (2811), (2607) og (2639) í Mýrdalshreppur. Rauða skyggða svæðið er Geirsholt (3340) (Minjastofnun Íslands, gagnagrunnur).

Skoðun á eldri kortum af svæðinu

Höfundur skoðaði eldri kort af viðkomandi svæði til að sjá hvort þau sýndu vísbendingar um fornleifar. Á korti Herföringjaráðs (1905-1915) er bærin Geirsholt ekki merkt inn (Mynd 5). Líklega er það vegna ónákvæmni gps punkta (georeferencing) á sögukortinu. Tveir svartir kassar eru merktir inná kortið sem gætu táknað eldri hlöðu eða hesthús á sem nýrri byggingar á landinu gætu hafa verið reistar yfir eða á.

Leit höfundar í skjölum túnakorta leiddi ekki af sér neitt kort fyrir Geirsholt.



Mynd 5: Herföringjaráðskort (1905-1915) sýnir útlínu Geirsholt. Rauða örin sýnir staðsetninguna sem höfundur telur rannsóknasvæðið vera. (Landmælingar Íslands).

Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins

Höfundur fór yfir rannsóknarsvæðið að Geirsholti 12. september 2024. Allt svæðið var gengið og skoðað á einum degi í góðu veðri. Könnunin var framkvæmd með Trimble GeoExplorer 6000 Series handmæli til að skrá mögulegar fornminjar og skráningarupplýsingar fluttar inn í QGIS og lagaðar að svæðinu.⁴

Nr	Teg.	Hættumat, Hætta	Ástand	Aldur	Friðlýst	Mótv.
3340-01	Staðsetning eftirstandandi hlöðu	Framkvæmdir, Ólíklegar	Lélegt	1920	Nei	Engar
3340-02	Hóll Earth Mound	Framkvæmdir, Ólíklegar	Sæmilegt	1000-1900?	Nei	Rannsókn
3340-03	Hóll Earth Mound	Framkvæmdir, Ólíklegar	Sæmilegt	1000-1900?	Nei	Rannsókn
3340-04	Leifar af steinbyggingu	Framkvæmdir, Ólíklegar	Lélegt	1900-1950	Nei	Engar
3340-05	Steyptir veggir (leifar) af rafstöð	Framkvæmdir, Ólíklegar	Lélegt	1950	Nei	Engar
3340-06	Vegur/Slóði milli Geirsholts og Suður-Foss	Framkvæmdir, Ólíklegar	Sæmilegt	1900-1950	Nei	Engar

Tafla 1. Tafla yfir skráðar fornleifar/minjar í landi Geirsholst

⁴ Athuga skal að höfundur hefur bætt inná nokkrum mögulegum minjum rétt fyrir utan rannsóknarsvæðið. Þær sýna mögulegar fornminjar á svæðinu en eru ekki innan rannsóknarsvæðisins sem um ræðir í þessari rannsókn. Allar framtíðar framkvæmdir utan umrædds rannsóknarsvæðis **3340** þyrftu að vera í samráði við Minjastofnun Íslands til að ákveða hvort rannsaka þurfi það svæði frekar.



Mynd 8: Minjar sem fundust við fornleifarannsóknina staðsettar við rannsóknarsvæðið. (KM 2024)

Yfirlit

Forneifaskráning þessi að Geirsholti sýndi 6 mögulegar menningarminjar sem voru skrásettar. Samkvæmt sögulegum heimildum var rannsóknarsvæðið að Geirsholti ekki líklegt til að hafa verið notað sem bæjarstæði fyrir byrjun 19. aldar, svo það er skoðun höfundar að það sé litlar líkur á að finna eldri leifar um mannvist neðan jarðar. 3340-01 sýnir staðsetningu hlaðins hlöðuveggjar úr steinum með tilvísun í landskráningu. Í dag er aðeins hluti þessarar hlöðu sýnilegur að utan og sýnir leifar af hluta steinhlaðins veggjar. 3340-02 var jarðvegshaugur eða hóll staðsettur í austur hluta rannsóknarsvæðisins. Hann er staðsettur á landi í eigu nágrannabæjar. Hann gæti táknað mögulegar fornleifar eins og grafhaug en þarfnast nánari rannsóknar til staðfestingar. 3340-03 var jarðvegshaugur eða hóll staðsettur í vestari hluta rannsóknarsvæðisins. Hann var staðsettur í mýrlendi og líkt 3340-03 gæti hann táknað mögulegar fornleifar eins og grafhaug en þarfnast nánari rannsókna til staðfestingar. 3340-04 táknar leifar af vegg staðsettann beint í suðvestur af fossi í landi Suður-Foss. Veggurinn er töluvert falinn í gróðri og veggir sýna steypu milli steinanna sem gefur þá visbendingu að þetta sé mannvirki frá 20. öld. 3340-05 var staðsett í vestari enda rannsóknarsvæðisins og 11m vestur af 3340-04 og eru leifar af steypu mannvirki sem var vatnsaflsrafstöð byggð 1950 af landeigendum Suður-Foss. Hún var skráð með hér sem áhugaverðar menningarminjar frá miðri 20. öld. Að lokum 3340-06 er gata eða slóði milli Suður-Foss og Geirholts. Það er ekki vitað hversu gamall þessi slóði er en hann var líklega notaður frá þeim tíma sem Geirsholt var stofnað sem nýbýli (fyrstu áratugir 20. aldar). Slóðinn var settur inn sem áhugaverðar menningarminjar (interesting cultural feature).

Landeigendur eru meðvitaðir um þessar minjar og hefur þegar verið tilkynnt um staðsetningu þeirra. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til, með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja. Líklega má sneiða hjá fornleifum í flestum ef ekki öllum tilfellum, en ef ekki þarf að bregðast við því. Bent er á að allar minjar eldri en 100 ára séu friðaðar og þeim fylgir friðunarsvæði 15 m frá ystu mörkum þeirra. Sjá meðfylgjandi fornleifaskrá fyrir frekari upplýsingar.

Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands fyrir raski á minjum í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfang og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Ef talið sé að öryggi minjanna verði ekki tryggt þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem

stofnunin kann að setja. Samkvæmt íslenskum lögum um menningarminjar skal eftirfarandi reglum fylgt finnast fornminjar.⁵

Fundur fornminja

Finnast fornminjar (forngrípir eða fornleifar) sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökla, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

⁵ <https://www.minjastofnun.is/minjar/fridadar-fornleifar/>

Heimildarskrá

Annálar 1400-1800. 1-8. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1927-1932.

Einarsson, B. F, 2021. **(2811)** *Fornleifaskráning í Mýrdalshreppi vegna vegagerðar*.

Einarsson, B. F, 2000. **(2639)** *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Dyrhólaey í Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu*.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1925-1927, Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Gunnarsdóttir, K. 2004, **(2607)** *Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal. Norður-Vík/Suður-Vík og húsakönnun: Könnun og mat á húsum í Vík*.

Einarsson, B. F, 2000. **(2639)** *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Dyrhólaey í Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu*.

Hallmundsdóttir, M.H. 2023, **(3115)** *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Norður Víkur í Mýrdal*.

Hallmundsdóttir, M.H. 2022, **(2757)** *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulag í landi Suður Víkur í Mýrdal*.

Martin, K. 2023. **(3117)**, *Deiliskráning Fornleifa á Suður-Fossi, Mýrdalshreppi*.

Martin, K. 2024. **(202408-0015)**, *Framkvæmdaeftirlit á Suður-Fossi, Lokaskýrsla*.

Mýrdalshreppur. Vesturhluti Víkur í Mýrdal. Tillaga að verndarsvæði í byggð. Greinargerð. Landmótun. Reykjavík 2018.

Sunnlenskar Byggðir VI, 1985, Skaftárþing. Búnaðarsamband Suðurlands. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson.

Suður-Foss, Ari Gíslason (1967). Örnefnastofnun Íslands.

Web sources

Þjóðskra (Landskráningu)

<http://www.minjastofnun.is/minjar/>

www.sarpur.is

www.nafnið.is

www.islandskort.is

www.lmi.is

<https://www.map.is/minjastofnun/>

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>



Mynd 7: Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið að Geirsholti (KM 2024)





Mynd 8: Foss í norðaustur hluta rannsóknarsvæðisins. Leifar af rafstöð sjást til vinstri við fossinn. (KM 2024)


Aðal nr.	3340-01
Sysla	Vestur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Geirsholt
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	12.09.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496978, N 324883
Tegund Minja	Hlaða
Ástand	Lélegt
Aldur	1920
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett í syðri hluta rannsóknarsvæðisins. Hluti af samansafni nokkurra bygginga í landi Geirsholts.
Lýsing	Samkvæmt landskráningu er hlaðan að Geirsholti frá 1920 og var 144m ² að stærð. Í dag er eini hluti hennar klæddur viðar og bárujárnsklæðningu. Hluti útveggs er sýnilegur (hlaðinn steinveggur (umþb 2m x 1.5m) en þær leifar hafa að öðru leiti ekki verið raskað eða breytt.
Annað	





Aðal nr.	3340-02
Sysla	Vestur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	12.09.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 497337, N 325075
Tegund Minja	Jarðhaugur
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1000-1900
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsettur 40m austur af austari enda rannsóknarsvæðisins við Reynishverfisveg nr. 215
Lýsing	Hringlaga jarðhaugur um 15m í þvermál og 1.5-2m á hæð.
Annað	Landið undir haugnum er ekki hluti af Geirsholti heldur tilheyrir nágrannabæ.





Aðal nr.	3340-03
Sysla	Vestur-Skaftafellsýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	12.09.2024
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496800, N 325112
Tegund Minja	Jarðhaugur
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1000-1900
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsettur 8m innan við vestari enda rannsóknarsvæðisins við á.
Lýsing	Hringlaga jarðhausur um 6m í þvermál og 1.5m á hæð.
Annað	



Aðal nr.	3340-04
Sysla	Vestur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	12.09.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496849, N 325307
Tegund Minja	Mannvirkjaleifar
Ástand	Lélegt
Aldur	1900-1950
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsettar beint suðuvestur af fossi, 8 m vestur af enda rannsóknasvæðisins.
Lýsing	Steinhlaðnir u-laga veggir 1.8m á breidd og 2.4m á hæð. Ummerki um steypu til að festa steinana. Mjög falið í gróðri og hrúnið að hluta.
Annað	Tengist mögulega rafstöð í næsta nágrenni, gæti hafa verið geymsla.



Aðal nr.	3340-05
Sysla	Vestur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	12.09.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496837, N 325313
Tegund Minja	Steyptur veggur
Ástand	Lélegt
Aldur	1950
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsettur 25m vestur af enda rannsóknasvæðisins og 11m vestur af 3340-05
Lýsing	Gafl á húsi (3.5m á hæð og 0.6m breidd) hluti af hliðarveggjum fyrrum rafstöð frá 1950 úr steypu. Eitthvað af hlutum úr járni er einnig að finna í mannvirkinu.
Annað	Aldur byggingar staðfest af landeiganda.



Aðal nr.	3340-06
Sysla	Vestur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	12.09.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496880, N 325261
Tegund Minja	Slóði
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1900-1950
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Slóði í gegnum miðju rannsóknarsvæðisins. Tengir bæjina Geirsholt og Suður-Foss.
Lýsing	Slóði sem gengur frá norðri til suðurs frá Suður-Fosi til Geirsholts. Aldur óviss en líklega frá byrjun 20. aldar til miðrar 20. aldar. Skrásett af höfundi 256m á lengd. Umpb 4m á breidd.
Annað	

